

Íslenskur iðnaður

11. tölublað 17. árg.

Nóvember 2011

Samtök iðnaðarins | SI

Ári nýsköpunar ekki lokið...



Samtök iðnaðarins og forseti Íslands tala fyrir tengslum náms og atvinnulífs

sjá nánar bls. 7 og www.si.is

Uppskeruhátíð Árs nýsköpunar var haldin í Listasafni Reykjavíkur 16. nóvember, en átakinu var hleypt af stokkunum í Marel 29. október fyrir ári síðan. Uppskeruhátíðin var vel sótt en til hennar var boðið félagsmönnum SI og samstarfsaðilum.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI fjallaði um helstu viðburði og afrek á árinu í máli og myndum og lauk erindi sínu með því að tilkynna um framlengingu á átakinu: „Við komumst að því að eitt ár er alls ekki nægur tími til að auka veg nýsköpunar á Íslandi. Kannski var það aldrei raunhæft markmið og þar fyrir utan er svona verkefni aldrei fyllilega lokið.“

sjá nánar bls.4



Menntaskólann á Ísafirði heimsóttur

Samtök rafverktaka og Meistararafélag húsasmiða ganga til liðs við SI

Ástæður sameiningarinnar eru fyrst og fremst faglegar. Með breytingunni er lagður grunnur að enn sterkari samtökum sem gæta hagsmuna íslensks iðnaðar, en eftir sameininguna starfa nær öll samtök atvinnurekenda í byggingariðnaði undir merkjum SI. Félagsmenn SI eru eftir sameininguna um 1200 talsins.

Nánar á www.si.is



Hjá Fjölbrotaskóla Suðurlands




Jens Pétur Jóhannsson, formaður SART og Helgi Magnússon, formaður SI




Helgi Magnússon, formaður SI, Baldur Þór Baldvinsson, formaður MH og Grímur Sæmundsen, varaformaður SA

bls. 2



Hollywood endir?

bls. 3



nagli.is
Nýr veður fyrir
verktaka og
neytendur

bls. 5



Verzlunarskóli
Íslands
sigraði

bls. 7



Málm og
véltækni er
skapandi
iðngrein

bls. 8



Mentor hlaut
Nýsköpunar-
verlaun
Íslands

Hollywood endir?

Áform stjórnvalda um svokallaðan kolefnisskatt á eldsneyti í föstu formi ollu talsverðu uppnámi í síðasta mánuði. Þarna var um að ræða stórfellda tvöfalda gjaldtöku af stórum iðnfyrirtækjum hér á landi. Sú gjaldtaka braut í bága við sérstakt samkomulag sem ríkisstjórnin gerði við þau fyrirtæki fyrir tveimur árum. Skatturinn hefði fyrst og fremst lagst á fyrirtæki sem þegar falla undir hið samevrópska viðskiptakerfi með losunarheimildir, ETS (e. emissions trading system). Stjórnvöld hafa fyrir margt löngu ákveðið að innleiða ETS hér á landi en það kerfi felur í sér hagræna hvata til að takmarka losun fyrirtækjanna á gróðurhúsalofttegundum við framleiðslu sína. Því þróaðri umhverfistækni sem fyrirtæk- in nýta, því lægri gjöld fyrir heimildir.

Aðfangaskattur bætir ekki umhverfið
Kolefnisskatturinn umræddi leggst hins vegar á hráefni sem fyrirtækin nýta í framleiðslu sinni. Mikilvægt er að átta sig á þeim grundvallarmun sem er á þessum tveimur útgáfum skattheimtu. Í aðfangaskatti, eins og kolefnisskattinum, er ekkert hagrænt keppikefli til að lágmarka losun á hverja framleidda einingu. Þegar hráefnið er komið inn fyrir dyr fyrirtækisins, hefur skatturinn fallið til, óháð því sem gengur af í framleiðsluferlinu. Í kolefnisskattinum er því ekkert tilefni til að fjárfesta í heilnæmu verklagi eða mengunarvörnum. Má þar nefna afhendingu CO₂ inn í verksmiðjugróðurhús, eins og er í fyrirhugað á Hellisheiði, og framleiðslu metanóls, eins og Carbon Recycling rekur í Svartsengi. Hefðbundin förgun kemur líka til greina. Því er ekki að undra að öll önnur Evrópulönd hafa eftir áralanga skoðun ákveðið að nota

ETS fremur en hráefnisskatt til að tempra losun.

Vafasöm skattáform

Eftir nokkurt at og misvísandi skilaboð úr stjórnarráðinu, tók fjármálaráðherra loks af allan vafa og dró þessar hugmyndir til baka. Allt er gott sem endar vel, segir orðtækið. Hins vegar er umhugsunarefni hví þessi misskilningur, sem svo hefur verið nefndur af kurteisi, fór af stað á annað borð. Uppákomman er sérstaklega kvíðvænleg í ljósi þess að þrjú ný kísilverkefni komast vonandi brátt á legg. Eina kísilfyrirtækið, sem nú þegar er starfandi hér á landi, Elkem á Grundartanga, hefur í hyggju að auka umfang starfseminnar. Fyrirnefnd skattafyrirætlun hefði gert þau áform að engu og reyndar lagt að velli núverandi starfsemi Elkem. Sú niðurstaða átti ekki að koma ráðamönnum á óvart enda málið margrætt á undanförunum árum.

Skyndiákvæðanir óheppilegar

Atburðarásin leiðir hugann að því almenna umhverfi sem við búum fjárfestingu í landinu. Tíðar og tilviljanakenndar breytingar hafa verið gerðar á skattkerfinu á liðnum þremur árum og óvarlegt er að treysta á að þessar grunnundirstöður hagkerfisins séu eins í dag og í gær. Það eina, sem er fast í hendi eru stöðugar breytingar. Ríkisfjármálin á Íslandi á hins vegar hvorki að meðhöndla sem átaksverkefni né beita skyndireddingum. Fjárhag hins opinbera ber þess í stað að rétta af með varanlegum hætti með því að auka efnahagsleg umsvif í landinu til frambúðar. Sá veiki hagvöxtur, sem nú má greina, byggist á einkaneyslu. Skuldug íslensk heimili geta ekki ein og óstöðug borið vöxtinn lengi uppi.



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

Kjarni máls er því ekki flókinn. Það bráðvantar aukna fjárfestingu hér á landi til að skapa megi framtíðarvirði og útflutning. Óumdeilt er að tekjuáhrif örfárra fjárfestingarverkefna eru umtalsvert meiri en áformaðar tekjur af hinu vanhugsaða kolefnisgjaldi. Þannig má með varfærnnum hætti reikna út að skatttekjur ríkissjóðs af framkvæmdum við álver og kísilver í Helgúvík næmu vel á annan tug milljarða á ári. Því verður að láta nú þegar af flumbrugangi sem rýrir traust á stofnunum og stjórnvöldum landsins, hvort sem er gagnvart útflendingum eða okkur sjálfum. Þá mega ráðamenn ekki freistast til að reyna að skilja á milli nýrra fyrirtækja og rótgróinna þegar á að fá útrás fyrir skammsýna skattgleði. Hin nýju verða nefnilega rótgróin um leið og þau hefja starfsemi. Nýir fjárfestar eru ekki það bláeygir að þeir líti bara til sparivíðmóts sem kann að mæta þeim í upphafi ef hinir rótgrónu þramma sífellt svipugöng. Við eigum því að taka kurteislega og fagmannlega á móti erlendum fjárfestum og reyna að gera við þá viðskiptasamninga sem við höfum góðan hag af og vonandi þeir líka. Það er hvorki síðaðra háttur að breyta reglunum eftir á né reyna að þurrausa þá sem geta ekki forðað sér með hraði.

Kolefnisskatturinn fékk farsælan endi eins og hefðbundin Hollywood mynd. Vonandi dettur engum í hug að gera framhaldsmýndina. Þær eru alltaf verri ef eitthvað er.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Veikburða skref í átt til afnáms hafta

Seðlabankinn tilkynnti nýlega um nýtt skref í losun gjaldeyrishafta en í því felst að leyfa fjárfestum að kaupa af-landskrónur til fjárfestinga hérlendis að fullnægðum ströngum skilyrðum. Á næstu mánuðum verður staðið fyrir gjaldeyrisútboðum þar sem Seðlabankinn kaupir erlendan gjaldeyri í skiptum fyrir krónur til innlendrar fjárfestingar til langs tíma, samkvæmt svokallaðri 50/50 fjárfestingarleið. Ekki verður um frekari útboð að ræða í bili þar sem eigendum aflandskróna gefst tækifæri til að selja krónur fyrir gjaldeyri en almennt var búist við að svo yrði.

Miklar flækjur og hliðarskilyrði

50/50 leiðin felur í sér að þeir sem ætla að fjárfesta á Íslandi fyrir erlendan gjaldeyri geta keypt íslenskar krónur fyrir hluta gjaldeyrisins í gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands. Skilyrt er að viðkomandi fjárfestir kaupi að minnsta kosti sömu fjárhæð króna í venjulegum viðskiptum við fjármálastofnanir. Einnig er gert að skilyrði að öllum fjármunum verði varið til fjárfestingar innanlands, samkvæmt nokkuð flóknum reglum.

Fyrir hverja einingu af erlendum gjaldeyri sem fjárfestir notar til krónukaupa í útboðunum verður hann að kaupa krónur af innlendra fjármálastofnun fyrir aðra einingu á innanlandsgenginu. Þá er enn-

fremur skilyrt að öllum fjármunum verði varið til langtíma fjárfestingar hér á landi og að hún sé bundin til 5 ára hið minnsta. Fjárfestum, sem átt hafa af-landskrónur frá hrúni, verður einnig gert kleift að nýta sér þessa leið sem og fjárfestum sem hafa keypt krónur samkvæmt nýfjárfestingarleið Seðlabankans gegn því að gangast undir framangreind skilyrði um 5 ára bindingu.

Vitað er að stór hluti aflandskróna hefur skipt um eigendur undanfarin þrjú ár og því er ljóst að verulegar hömlur eru á því hversu margir eigendur geta nýtt sér þessa leið auk þess sem flækju-stigið er býsna hátt.

Óljós áhrif


Nokkuð vandamt er að meta áhrif þessa valkosta en ljóst er að Seðlabankinn bindur vonir við að hann geti glætt fjárfestingu hér á landi, samanber spá bankans um stórauðna fjárfestingu í hagkerfinu á næsta ári. Fjármálafor- tæki, sem hafa kannað leiðina vandlega, virðast efins um að hún skili miklum árangri einkum í ljósi þess hversu flókið og tímafrekt ferlið er fyrir fjárfesta. Talið er að aflandskrónur nemi nú um 450 milljörðum króna og því blasir við að þetta skref Seðlabankans er afar var- færið og ekki líklegt til að glæða fjár- festingu miklu lífi.

Nýr vefur fyrir verktaka og neytendur

Nagli.is er vettvangur fyrir iðnaðar- menn og þá sem vilja nýta sér þjón- ustu þeirra. Markmið

Naglans er að spara báðum aðilum tíma og pening, stuðla að gegnsæri samkeppni og minnka umstang við framkvæmdir.

Neytandi sendir lýs- ingu á verki sem hann vill láta vinna, t.d. lag- færingu á húsi eða íbúð. Iðnaðarmenn senda tilboð. Neytandinn fær upplýsingar um þá sem bjóða þjónustu, mennt- un, réttindi og kennitölu.



Náist samningar áskilur Naglann sér umboðslaun frá verktaka sem fara lækkaði eftir stærð verks, geta verið að meðaltali um 6-7% af tilboði hans. Umsagna- og einkunnakerfi vefsins tryggir neytendum nauðsynlegar upp- lýsingar um hvernig þeir verktakar sem bjóða í verkið hafa staðið sig hingað til. Við verklok gefa bæði kaup- andi og seljandi hvor öðrum einkunn, frá núll og upp í fimm nagla. Reynslan hefur sýnt að eftirfylgni vantar á verk- takamarkað og fólk treystir mikið á umsagnir frá jafningjum sínum, öðrum neytendum.

Við þróun síðunnar var haft samráð við Samtök iðnaðarins, Neytendasam- tökin, Húseigendafélagið og Tækni- skólann til þess að tryggja sem besta og sanngjarnasta þjónustu fyrir alla aðila.

Vefurinn skapar umgjörð fyrir verk- taka og neytendur til að stunda heið- arleg viðskipti.

Nýir félagsmenn SI

FB girðing ehf.
Litlu Hlíð
601 Akureyri

Grímur ehf. vélaverkstæði
Garðarsbraut 48
640 Húsavík

Blikkmót ehf.
Kelduhvammí 5
220 Hafnarfjörður

Lindarflöt ehf.
Lyngási 17
210 Garðabæ

ÍAV þjónusta ehf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Smákranar ehf.
Álfhólsvegi 85
200 Kópavogur

Fjarðagrjót ehf.
Furuhlíð 4
221 Hafnarfjörður

LS Retail ehf.
Höfðatúni 2
105 Reykjavík

Skema ehf.
Lyngmóum 12
210 Garðabæ

Verkmáttur ehf.
Heiðartúni 2c
250 Garður

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
11. töl. 17. árg. Nóvember 2011
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 30.11.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, bls. 8 Arnaldur Halldórsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Prófarkalestur: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

Uppskeruhátíð Árs nýsköpunar



En við teljum að ýmislegt sé komið af stað, á stangli eru jafnvel þættir sem má segja að séu í höfn. En fjölmargt er enn varla komið af byrjunarreit.”

Orri sagði tækifæri Íslands til að nýta sér styrkleika sína og vera í fremsta flokki þjóða næstu áratugi vera ótalmörg. En að komast þangað sé ekki spretthlaup. „Við ákváðum því að segja þessu átaki okkar á Ári nýsköpunar ekki lokið að þessu sinni, heldur setja hér kommu, meta stöðuna og halda áfram á sömu braut.”

Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi hélt erindi um sköpun, nýsköpun, innblástur og eftirfylgni þar sem



hann fór vítt og breytt um sviðið og byggði ekki síst á eigin reynslu sem frumkvöðull og athafnamaður.

Úthlutun til vinnustaðanáms og starfsþjálfunar 2011

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti í lok október í fyrsta sinn vilyrði fyrir styrkjum til vinnustaðanáms. Þetta er í fyrsta skipti sem hið opinbera styrkir fyrirtæki eða stofnanir fjárhagslega til þess að taka við nemendum og er vonast til þess að þetta muni greiða fyrir því að starfsnámsnemendur geti lokið tilskilinni starfsþjálfun á vinnustað. Nokkuð hefur borið á því í efnahagsþrengingum undangenginna ára að nemendur hafi átt erfitt með að komast á námssamning og ljúka námi sínu.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsti eftir umsóknum um styrki til vinnustaðanáms í ágúst. Frá fyrirtækjum og stofnunum bárust 65 umsóknir og var úthlutað 57 milljónum króna í styrki til umsækjenda. Um 170 nemendur njóta góðs af styrkjum sem nema 20 þúsund krónum á viku að hámarki í 24 vikur.

Í framhaldinu er ætlunin að koma á laggirnar sérstökum vinnustaðanáms-sjóði. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja 450 m. kr. til vinnustaðanáms árin 2012-2014. Skipuð hefur verið sérstök nefnd sem mun fyrir árslok 2011 skila tillögum um sjóð er hafi það hlutverk að efla vinnustaðanáms og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana sem annast kennslu eða þjálfun starfsnámsnemenda. Aftur verður auglýst í desember.

Hátíðarfundur í tilefni af þátttöku Íslands í World

Verkið, samtök um keppnir í iðn- og verkgreinum stóð fyrir hátíðarfundum að lokinni World Skills International sem haldin var í London 2011. World Skills er alþjóðleg keppni í starfsgreinum sem haldin er annað hvert ár og verður næst í 2013 í Leipzig í Þýskalandi.

Meginmarkmið fundarins var að gleðjast með íslensku þátttakendum í London, þeim Jóhönnu Stefnisdóttur sem keppti í hársnyrtið, Friðriki Óskarssyni sem keppti í pípulögn og Arnari Helga Ágústssyni sem keppti í rafvirkjun. Samtök iðnaðarins veittu Jóhönnu, Friðriki og Arnari bókargjöf sem viðurkenningu fyrir góða frammistöðu, en þau kepptu við um



950 iðnnema frá 58 þjóðlöndum. Keppt er í 46 greinum og voru gestir að þessu sinni um 200 þúsund. Jafnframt var Íslandsmótið í iðn- og verkgreinum, Skills Iceland, sem haldið verður 9. og 10. mars 2012 kynnt. Þegar hafa farið fram kynningar á því í iðnmenntaskólum landins og standa vonir til að fjöldi keppenda og keppnisgreina aukist frá

2010. Íslandsmótið er jafnframt góður undirbúningur fyrir þá sem vilja taka þátt í Leipzig 2013. Að Verkið standa, BÍlgreinasambandið, FBM, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Iðnmennt, MATVÍS, Meistararaband byggingarmanna, Rafiðnaðarsambandið, SAF, Samiðn, Samtök iðnaðarins, SART og VM.



Hugsað út fyrir BOXID Verslunarskóli Íslands sigraði

BOXID framkvæmdakeppni framhaldsskólanna fór fram í Háskólanum í Reykjavík 5. nóvember. Átta skólar tóku þátt í æsispennandi keppni sem lauk með sigri Verslunarskóla Íslands. Markmið keppinnar sem nú var haldin í fyrsta sinn er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.

Fjórtán framhaldsskólar víðsvegar af landinu sendu lið í undankeppni BOXINS en þau átta lið sem komust áfram í aðalkeppnina voru frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum, Fjölbautarskólanum í Garðabæ, Menntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum í Hamrahlíð, Tækniskólanum, Menntaskólanum í Reykjavík, Fjölbautaskóla Suðurnesja og Verslunarskóla Íslands.

Keppnin fólst í þrautabraut með sex stöðvum og fóru liðin, sem hvert voru skipuð fimm einstaklingum, á milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar sjálfar reyndu bæði á hugvit og verklag en þær voru útbúnar af fyrirtækjum úr ólíkum greinum iðnaðarins í samstarfi við fræðimenn Há-

skólans í Reykjavík. Fjölbautaskóli Suðurnesja hafði afgerandi forystu að lokinni keppni í þrautabrautinni.

Tvö stigahæstu liðin, Fjölbautaskóli Suðurnesja og Verslunarskóli Íslands kepptu síðan til úrslita í æsispennandi lokabraut sem lauk með sigri Verslunarskólans.

Sigurliðið hlaut verðlaunabikar til eignar og hver liðsmaður Ipad en fyrir annað sæti hlutu liðsmenn Ipod nano. Að auki veittu fyrirtækin aukaverðlaun þeim liðum sem stóðu sig best, voru frumlegust eða skemmtilegust í þeirra þrautum. Keppnin tókst vel í alla staði og bæði þátttakendur og áhorfendur skemmtu sér vel.

Fyrirtækin sem komu að gerð þrautanna eru Betware, Ístak, Marel, Mentor, Promens, Ölgerðin og Össur. Stuðningsaðili framkvæmdakeppinnar er Margmiðlunarskólinn.

BOXID er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanna.

Spennandi verkefni og miklir vaxtamöguleikar hjá líftæknifyrirtækjum

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja, SÍL, hélt aðalfund sinn í nóvember. Á fundinum sem var haldinn í Matis kynntu auk gestgjafa fyrirtækin Kerecis, DIS og Prokazyne starfsemi sína, en þau eru öll með aðstöðu í húsinu. Spannandi verkefni og miklir vaxtamöguleikar virðast vera hjá fyrirtækjunum.

Á fundinum var farið yfir starf liðins árs. Meðal fastra verkefna undanfarin ár hefur verið þátttaka í samstarfsverkefnum á vegum Hátækni- og sprotavettvangs. Þar hefur verið unnið að framgangi margra góðra mála og hefur vettvangurinn reynst mikilvægur til að tengja saman aðila innan og utan stjórnáslunnar. Samtökin hafa einnig verið í samstarfi við AVS-rannsóknarsjóð í sjávarútvegi varðandi líftæknihöp AVS. Samtökin fylgjast með laga- og reglugerðarsetningu og hafa sent inn umsagnir um lagafrumvörp sem varða hagsmuni líftæknifyrirtækja og komið sjónarmiðum líftækni iðnaðar á framfæri þar sem þess er þörf. Á liðnum vetri var haldin ráðstefna um erfðatækni, notagildi og möguleika til atvinnusköpunar.

Stjórn samtakanna er þannig skipuð að Jóhannes Gunnarsson hjá Genís, situr áfram sem formaður og meðstjórnendur eru Ása Brynjólfssdóttir hjá Bláa Lóninu heilsuvörum og Hörður G. Kristinsson hjá Matis.

Hönnun eykur samkeppnisforskot fyrirtækja

Ráðstefna og sýning í tengslum við verkefnið Hönnun í útflutning var haldin í höfuðstöðvum Arion Banka 9. nóvember.

Rannsóknir sýna ótvírætt að hönnun hefur jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækja, markaðshlutdeild og samkeppnishæfni. Anders Fanö, verkefnastjóri hönnunar og nýsköpunar hjá Dansk Design Center, gerði grein fyrir reynslu þeirra af samstarfi hönnuða og fyrirtækja. Þá fór Thomas Harrit frá hinni margverðlaunuðu hönnunarstofu Harrit-Sørensen ApS yfir árangursrík verkefni sem stofan hefur unnið með fyrirtækjum.

Auk þess var kynntur afrakstur fyrir-



tækja og hönnuða í verkefninu Hönnun í útflutning.

Niðurstaða ráðstefnunnar var að hönnun hefur jákvæð áhrif á afkomu, markaðshlutdeild og samkeppnishæfni fyrirtækja. Markmið verkefnisins Hönnun í útflutning er að leiða saman hönnuði og



fyrirtæki í samvinnu um hönnun og framleiðslu á útflutningsvörum.

Fyrirtækin sem þátt tóku í verkefninu voru Amivox, Foss distillery ehf, Glófi, Matorka, Raven Design, Saga Medica, Sif Cosmetics og Triton.

Guðni Ágústsson endurkjörinn formaður SMK

Aðalfundur Samtaka mjólkur- kjötvinnslufyrirtækja, SMK, var haldinn 23. nóvember. Samtökin, sem starfa innan Samtaka iðnaðarins, eru nú eins árs. Aðild að þeim eiga öll fyrirtæki innan SI sem vinna úr mjólk eða kjöti. Í skýrslu stjórnar kom fram að margvísleg málefni hafa komið til umfjöllunar hjá stjórninni á starfsárinu, s.s. breyttar reglur um meðferð sláturúrgangs, möguleikar á að vernda tiltekin íslensk vöruheiti, verðþróun á hrávörum á heimsmarkaði og fundað var með ýmsum opinberum aðilum vegna afnáms forverðmerkinga á matvörum. Langumfangsmest í starfi félagsins var umfjöllun og undirbúningur vegna innleiðingar á nýrri matvælaöggjöf sem tók gildi 1. nóvember. Fyrirtækin vinna nú hörðum höndum að því að uppfylla kröfur löggjafarinnar.



Forsvarsmenn Matvælastofnunar komu á aðalfundinn og gerðu grein fyrir stöðu fyrirtækja í mjólkur- og kjötvinnslu gagnvart kröfum reglugerðarinnar. Í máli þeirra kom fram að mörg fyrirtæki uppfylla kröfurnar nú þegar og þau sem ekki gera það munu nær undantekningarlaust hafa komið sínum málum í lag fyrir 1. mars.

Stjórn samtakanna var endurkjörin til eins árs. Formaður stjórnar er Guðni Ágústsson, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Aðrir í stjórn eru Einar Sigurðsson, Mjólkursamsölunni, Gunnar Þór Gíslason, Síld og fiski, Magnús Freyr Jónsson, Sláturhúsi KVH og Sigurður Jóhannesson, SAH afurðum. Varamenn eru Karl Ómar Jónsson, Esju Gæðafæði og Steinþór Skúlason, Sláturfélagi Suðurlands. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar verður að skipuleggja starfsemi næsta árs. Aðalfundur SMK ályktaði um að leggja til hliðar aðildarumsókn og viðræður við ESB. Ályktunina í heild má lesa á vef SI, www.si.is.



Hilmar V. Pétursson CCP endurkjörinn formaður SUT

Þrír meðstjórnendur sitja áfram þeir Daði Friðriksson, Tölvumiðlun, Sigrún Eva Ármannsdóttir, Skýrr og Jón Kristjánsson, Menn og mýs. Nýir meðstjórnendur kosnir til tveggja ára eru Hrannar Erlingsson, Maritech, Magnús Norðdahl, LS Retail og Ágúst Einarsson, EMR.

Í ársskýrslu SUT kom fram að unnið hefði verið að fjölmörgum brýnum verkefnum á Ári nýsköpunar. Nefna má þátttöku í klasaverkefnum á sviði mennta- heilbrigðis- og orkumála með áherslu á „betri þjónustu fyrir minna fé“ og aðkomu SUT að UTmessunni sem haldin verður í annað sinn í febrúar 2012. Tilgangur hennar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækni og áhrifum hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Þá var haldin fyrirlestraröð í samstarfi við Íslandsstofu sem fjallaði um markaðssókn á erlenda markaði.

Innan hátækni- og sprotavettvangsins hefur SUT tekið þátt í stefnumótun tækni- og hugverkagreina og í framhaldi af því Tækni- og hugverkabæinginu. Ríflega 50 UT fyrirtæki innan SUT munu í sameiningu halda áfram að vinna að ýmsum brýnum verkefnum sem skipta sköpum fyrir greinina til framtíðar.

Heiðursverðlaun veitt fyrir tækninýjungar eða framlag til nýsköpunar

Verkfræðingafélag Íslands verður 100 ára á komandi ári. Af því tilefni hefur stjórn félagsins ákveðið að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur við tæknilegar uppfinningar eða nýsköpunarverkefni, sem hafa haft þjóðhagslegt eða alþjóðlegt mikilvægi og byggja á þekkingu í raunvísindum og tækni. Gerter ráð fyrir að einstaklingar eða hópar geti hlotið viðurkenningu og að 5-10 aðilar geti fengið slíka viðurkenningu eftir atvikum. Bæði verkfræðingar og raunvísindamenntaðir geta komið til álita og eru verð-launin ekki bundin við félagsmenn VFÍ.

Verðlaunin sem eru heiðursmerki í tilefni aldarafmælisins verða afhent á afmælishátíð VFÍ í Hörpunni þann 19. apríl, 2012.

Carbon Recycling hefur framleiðslu á vistvænu eldsneyti

Íslenska hátæknifyrirtækið Carbon Recycling International hefur hafið framleiðslu á vistvænu eldsneyti úr koltvísýringisútblastri og orku frá jarðvarma. Verksmiðja CRI, sem er við Svartsengi, er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum sem framleiðir eldsneyti með því að endurvinna koltvísýring. Notkun slíks eldsneytis í stað jarðefnaeldsneytis dregur úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Orka og koltvísýringur til framleiðslunnar eru fengin úr jarðvarma frá orkuveri HS Orku í Svartsengi við Grindavík. Verksmiðjan framleiðir vistvænt metanól sem blandað verður við bensín. Það fellur að samevrópskum stöðlum og hentar því öllum bensínbílum. Notkun metanóls kallar ekki á kostnaðarsamar breytingar á bílum, bensínstöðvum eða öðrum þáttum í dreifingu og sölu eldsneytis.



Framhald af forsiðu

SI og forseti Íslands tala fyrir tengslum náms og atvinnulífs

Samtök iðnaðarins og forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson heimsóttu Fjölbrotaskóla Suðurlands og Menntaskólann á Ísafirði.

Tilgangur heimsóknanna var að ræða við nemendur um tengsl náms og at-

vinnulífs, þau fjölbreyttu störf sem standa til boða í mismunandi greinum iðnaðar og skort á verk-, tækni- og iðnmenntuðu starfsfólki sem margar greinar glíma við.

Að loknum heimsóknum í skólana var

tekið hús á nokkrum iðnfyrirtækjum og spjallað við forstöðumenn þeirra og starfsfólk.



Gamla bakaríið, Ísafirði



Fjölbrotaskóli Suðurlands, Selfossi



Ísblikk, Ísafirði



Mjólkursamsalan, Selfossi



Set, Selfossi



Kjörís, Hveragerði



Prokatín, Hellisheiðarvirkjun



Kerecis á Ísafirði

Mælaborð iðnaðarins

er á vef Samtakanna. Þar eru margvíslegar hagtölur, er lýsa stöðu iðnaðarins aðgengilegar með nýstárlegum hætti og byggja á sjálfvirkri uppfærslu gagna.

Starfsskilyrði iðnaðarins og mælaborð iðnaðarins eru arftakar Hagtalna iðnaðarins sem gefnar voru út ásamt almanaki einu sinni á ári í tæp 40 ár. Markmiðið er hið sama og áður sem er að kynna stöðu og starfsskilyrði iðnaðarins í samfélaginu og auka eins og kostur er þekkingu og skilning á þýðingu og vægi iðnaðarins í heild sinni frá ólíkum sjónarhólum.

Íslenskur málm- og véltækni iðnaður byggist á áratuga reynslu af þjónustu og framleiðslu, háu tæknistigi og hugviti. Greinin stefnir að enn bættri viðgerða- og viðhaldsþjónustu og stóru aukinni framleiðslu fyrir alþjóðamarkað. Nýverið gáfu Málmur og Samtök iðnaðarins út rit sem helgað er viðfangsefnum, stöðu og hlutverki málm- og véltækni iðnaðar. Ritíð er aðgengilegt á skrifstofu Samtaka iðnaðarins.



FRAMTÍÐ - PRÓUN - VÖXTUR

Málm- og véltækni er

**SKAPANDI
IÐNGREIN**

Mentor hlaut Nýsköpunarverðlaun Íslands



Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri og einn af frumkvöðlum fyrirtækisins veitti verðlauninum viðtöku ásamt starfsfólki sínu á Nýsköpunarþingi.

Á þinginu voru ræddar helstu áskoranir sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir á sviði fæðuöryggis, lýðfræðilegra breytinga, orkumála og loftslagsbreytinga og velt upp tækifærum Íslands til að sækja fram með nýsköpun á þessum sviðum. Yfir 200 manns sóttu þingið, sem haldið var á Grand hótél Reykjavík.

Mentor er í fremstu röð á Norðurlöndum á sviði upplýsingakerfa fyrir skólasamfélagið. Hlutverk fyrirtækisins er að veita skólum lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs. Sérstaða Mentor liggur í öflugum stuðningi við fjölbreytt námsmat og áætlanagerð en kennarar geta með einföldum hætti fylgst með námsframvindu nemenda, gert einstaklingsáætlanir og unnið námsmat í kerfinu og birt nemendum og foreldrum. Alls

starfa 55 starfsmenn hjá fyrirtækinu í fimm löndum, þar af eru 25 staðsettir á Íslandi. Fyrirtækið þjónustar í dag rúmlega 1000 skóla. Kjarni hugmyndafræði Mentor er að allir nemendur eiga að ná settum markmiðum sínum í skólastarfi. Mentor er í eigu frumkvöðla fyrirtækisins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Frumtaks.

Nýsköpunarverðlaunin

Við val á verðlaunahafa er litið til þess hvort um sé að ræða nýtt sprotafyrirtæki, hvort það sé byggt á nýskapandi tækni og hugmynd og sé kröfuhart á þekkingu. Þá er lagt mat á virðisauka afurða og hvort fyrirtækið hafi náð árangri á markaði. Metið er hvort líkur séu á að fyrirtækið haldi velli og hvort stjórnun nýsköpunar sé til eftirbreytni. Að lokum er metið hvort fyrirtækið sé hvatning fyrir aðra að feta sömu slóð.

Frumgreinanám HR Grunnur að tækni- og verkfræðimenntun

Það hefur ekki farið framhjá neinum að það eru tímar samdráttar í íslensku atvinnulífi. Þegar svo háttar er skynsamlegt að huga að námi og vera tilbúinn á vinnumarkaðinn þegar betur árar.

Frumgreinanám Háskólans í Reykjavík (HR) byggir á gamalli hefð sem á rætur að rekja til frumgreinadeildar Tækniskóla Íslands. Nemendur eru fjölbreyttur hópur iðnaðarmanna annars vegar og fólks með mikla starfsreynslu hinsvegar. Allir keppa að sama markmiði, að öðlast hagnýtan og markvissan undirbúning fyrir háskólanám.

Frá vorönn 2008 hefur nemendum staðið til boða fjarnám. Það er kjörin leið fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og geta því ekki vegna búsetu mætt reglubundið í kennslustundir. Fjarnám hentar líka þeim sem eru í vinnu og hafa þess vegna ekki tök á því að vera í fullu námi. Námskröfur eru þær sömu í fjarnámi og staðbundnu námi. Á vorönn 2012 eru ellefu áfangar í boði í fjarnámi, sjö á fyrstu önn og fjórir af átta áföngum annarrar annar. Ætlunin er svo að smáauka framboð í fjarnámi.

Kostir frumgreinanámsins eru mikið nám á stuttum tíma. Á hámarki tveimur árum í fullu námi í getur nemandinn brautskráðst með frumgreinapróf sem telst sambærilegt við stúdentspróf. Nemendur sem hafa áður lokið iðnnámi geta byrjað á 2. önn og fyrir þennan hóp tekur námið þrjár annir í fullu námi.

Gott orð fer af þessum undirbúningi og útskrifaðir nemendur eru í öllum greinum atvinnulífsins, þar af mjög margir í tæknigeiranum. Það hefur oft komið fram í fjölmiðlum undanfarið að það vantar tæknimenntað fólk í íslenskt atvinnulíf og því ættu menn að hugleiða þennan möguleika sem skref í þá átt að ná sér í tæknimenntun á háskólastigi. Fullt nám á 2., 3. og 4. önn er lánshæft hjá LÍN.

Á www.opnihaskolinn.is eru nánari upplýsingar um inntökuskilyrði, skipulag náms, áfangalýsingar og fleira er tengist náminu. Það er tekið inn í námið á bæði vorönn og haustönn og allir áfangar í staðarnámi eru í boði báðar annir.

Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður frumgreinanáms HR



Skúlaverðlaunin 2011 Verðlaun fyrir besta nýja hlutinn

Sýningin HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsi Reykjavíkur var haldin í byrjun nóvember. Sýningin var haldin í sjötta sinn og hefur gróskan og fjölbreytnin aldrei verið meiri, en 63 aðilar sýndu verk sín. Hönnunarteymið Stáss design skipað þeim Árnýju Þórarinsdóttur og Helgu Guðrúnu Vilmundardóttur hlaut Skúlaverðlaunin 2011 fyrir verkið „Torfbæinn“ sem er hitaplatti. Verðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnaðarins og afhenti Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI þau við opnun sýningarinnar.

Faglega valnefnd skipuðu Anna Leoniak arkitekt og vöruhönnuður og Ólöf Erla Bjarnadóttir leirlistamaður. Niðurstaða valnefndar var að veita tvær viðurkenningar auk Skúlaverðlaunanna. Sigrún Ólöf Einarsdóttir glerlistakona í Bergvík fékk viðurkenningu fyrir glermortél og teymið Postulína, skipað Guðbjörgu Káradóttur og Ólöfu Jakobínu Ernudóttur, fyrir Gull, reykelsi og myrru, sem eru hálfkúlur notaðar til skrauts.